



HRUNAMANNAHREPPUR

71. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

12. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 7. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Ragnhildur S. Eypórsdóttir sem sat fundinn í forföllum Bjarneyjar Vignisdóttur. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 21. fundar frá 24. júlí 2025.

Lögð fram fundargerð 21. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Með fundargerðinni er lögð fram dagskrá Heilsuviku Hrunamannahrepps sem hefst mánudaginn 1. september og lýkur sunnudaginn 7. september.

Sveitarstjórn fagnar metnaðarfullri og skemmtilegri dagskrá Heilsuvikunnar og hvetur íbúa til að taka virkan þátt í þeim viðburðum sem verða á dagskrá. Sótt hefur verið um styrk til ÍSÍ vegna útlagðs kostnaðar sveitarfélagsins og eru bundnar góðar vonir við að sá styrkur fáiast eins og undanfarin ár.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 306. fundar skipulagsnefndar frá 9. júlí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júlí sl.

Lögð fram fundargerð 306. fundar skipulagsnefndar frá 9. júlí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júlí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 14. Birkibýggð: Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Einnig eru settir fram almennir skilmálar og heimildir fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

DGS
HAT
ZSE
RSE
AEG

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15. Holtabyggð 203: Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Holtabyggðar 203 L198760 og Holtabyggðar 204 L198759 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðanna stækkar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16. Loðmundartangi 14-20: Byggingarleyfi; raðhús.

Móttækin var umsókn þann 30.06.2025 um byggingarleyfi til að byggja 4 íbúða raðhús 364 fm á íbúðarhúsalóðinni Loðmundartangi 14 – 20 L237351 í Hrunamannahreppi. Málið lagt fyrir skipulagsnefnd vegna óverulegrar skörunar á legu húss og byggingarreits.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 17. Langholtskot: Landbúnaðarland í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps eftir kynningu. Í breytingunni felst að hluti skipulagssvæðisins breytist úr landbúnaðarlandi í frístundasvæði auk þess sem gert er ráð fyrir breytingu og megin reiðleið um svæðið.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Langholtskots verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagisstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Langholtskots í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist sveitarstjórn til þess

DGS
LA
SB
RJE

að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagisstofnunar.

Mál nr. 21. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júlí sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júlí sl.

3. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 123. fundar stjórnar frá 25. júní 2025.

Lögð fram fundargerð 123. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 124. fundar stjórnar frá 1. júlí 2025.

Lögð fram fundargerð 124. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 125. fundar stjórnar frá 14. júlí 2025.

Lögð fram fundargerð 125. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. Brunavarnir Árnessýslu bs.: Fundargerð vorfundar frá 28. apríl 2025

-Ásamt staðfestingu á heimild Brunavarna Árnessýslu til lántöku.

-Ásamt viðskiptasamningi um lánalínu.

Lögð fram fundargerð vorfundar Brunavarna Árnessýslu bs. ásamt ósk um staðfestingu á heimild Brunavarna Árnessýslu til lántöku vegna byggingar slökkvistöðvar á Flúðum og kaupa á tankbíl. Einnig lagður fram viðskiptasamningur um lánalínu vegna lánsins.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Árnessýslu hjá Landsbankanum, kt. 471008-0280, í formi lánalínu að höfuðstól allt að kr. 180.000.000-, með lokagjalddaga þann 01.07.2026, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til greiðslu höfuðstóls láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til byggingar slökkvistöðvar á Flúðum í Hrunamannahreppi og kaupa á tankbíl fyrir slökkvistöðina í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að selja ekki eignarhlut sinn til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið til þess að tryggja að samhliða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kennitala 211264-5009, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Landsbankann sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

*DGS RSE
AA
AET*

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun frá 15. júlí 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um aukna efnistöku í landi Skollagrófar, nr. 1008/2025.

Á grundvelli þeirra gagna sem lögð eru fram gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við að augin efnistaka verði í landi Skollagrófar.

8. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11. júlí 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Michal Bartosz Abramczuk um leyfi til reksturs gististaðar í Flokki II – D Gistiskáli að Efra-Seli, F2241036, 856 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

9. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 17. júlí 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Agata Monika Jarosz um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – H Frístundahús. Dream, Ásabyggð 12, F2204118, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til skipulagsfulltrúa þar sem erindið fellur ekki að ákvæðum gildandi deiliskipulags á svæðinu.

10. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 25. júní 2025.

Lagt fram bréf frá Ungmennafélagi Íslands vegna ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðheilsa sem fram fer dagana 12.-14. september á Reykjum í Hrutafirði.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða kostnað sem af þátttöku Ungmennaráðs í ráðstefnunni hlýst og felur sveitarstjóra að kynna ráðstefnuna fyrir fulltrúum þess.

11. Bréf frá keppnisstjórn Iceland Hill Rally 2025 frá 24. júlí 2025.

Lagt fram bréf frá keppnisstjórn Iceland Hill Rally þar sem sótt er um leyfi til að halda keppni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita leyfi fyrir keppninni að því gefnu að vegirnir verði ekki í verra ásigkomulagi eftir keppnina en nú er. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að senda mótshöldurum reikning fyrir viðgerð á veginum gerist þess þörf.

12. Drög að samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps til síðari umræðu.

-Auk viðauka 1 um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 70/2002.

- Auk viðauka 2 um fullnaðarafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnæðismál.

Lögð fram drög að samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps ásamt viðaukum til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar samhljóða með áorðnum breytingum og felur sveitarstjóra að auglýsa þær.

13. Lóðaumsókn.

Fyrir fundinum liggur ein umsókn um lóðina Röðulstanga 18.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Rannveigu Þyri Guðmundsdóttur kt. 200868-4129 lóðinni Röðulstanga 18.

DGS
HA RSE
SR
AEG

14. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 21. ágúst 2025, kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

15. Minnisblað varðandi gerð skautasvells á Flúðum frá 5. ágúst 2025.

Lagt fram minnisblað varðandi gerð skautasvells á Flúðum.

Sveitarstjórn tekur vel í erindi íbúana og er sveitarstjórn reiðubúin að taka þátt í kostnaði enda rúmast kostnaður innan gildandi fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að samþykki landeigenda liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

16. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 og 2027-2029.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 og 2027-2029.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

17. Greinargerð um Blákvíslarveitu v. beiðni frá síðasta fundi.

Lagt fram til kynningar.


18. Aðalfundargerð Flúðaorku ehf. frá 27. júní 2025.

Lagt fram til kynningar.

19. Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 4. júlí 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:23.


Alexandra P. Jóhannsdóttir
Halda H. Guðmundsdóttir
Ragnhildur Stefania Eykærsdóttir
Dafi Geir Samúelsson
Alfríður Jónsdóttir